

Fimmtudaginn 1. apríl 1993.

Nr. 353/1992. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Óskari Guðjóni Vigfúsi Guðnasyni

(Atli Gíslason hrl.) og

Finnboga Hólmsteini Alexanderssyni
héraðsdómara.

Opinbert mál. Ómerking. Heimvísun. Dómarar. Fésekt.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. júní 1992. Ákæra hafði verið gefin út 16. apríl 1986. Málið var þingfest í sakadómi Garðakaupstaðar 30. október það ár. Skriflegri vörn var skilað á dómþingi 15. október 1987 og málið dómtekið. Það var tekið fyrir á dómþingi 10. október 1988. Verjandi ákærða tók þá til máls og ítrekaði kröfur, sem gerðar höfðu verið í hinni skriflegu vörn tæpu ári fyrr. Dómur var kveðinn upp 30. ágúst 1989. Hann var birtur ákærða 26. júní 1992.

Hér fyrir dómi er af hálfu ákærvalds krafist efnisdóms með tilteknum hætti. Þá segir í kröfugerðinni: „Þá er krafist fésektar eða annarra mildari viðurlaga að mati Hæstaréttar á hendur héraðsdómaranum, Finnboga Hólmsteini Alexanderssyni, fyrir drátt á meðferð málsins, einkum dómsuppsögu og birtingu dóms, samkvæmt 1. mgr. 186. gr. laga nr. 74/1974, en nú 1. mgr., sbr. 2. mgr. 160. gr. laga nr. 19/1991.“

Viðhorf ákærvalds, verjanda ákærða og héraðsdómarans voru skýrð á dómþingi Hæstaréttar 19. mars sl. Fram er komið, að hinn 23. júlí 1992 veitti dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness héraðsdómaranum alvarlega áminningu að tilmælum dómsmálaráðherra fyrir embættisvanrækslu.

Meðferð héraðsdómara á máli þessu felur í sér mjög ámælisvert brot á 165. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 191. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Bar

héraðsdómara að kveða upp dóm innan 3 vikna frá 15. október 1987. Meðferð málsins var úr lagi gengin, þegar dómur var kveðinn upp, en engu að síður bar héraðsdómaranum að birta hann án tafar samkvæmt 3. mgr. 167. gr. laga nr. 74/1974.

Vegna galla á meðferð máls þessa í héraði verður eigi hjá því komist að fella úr gildi meðferð þess frá og með 15. október 1987 svo og hinn áfrýjaði dóm og vísa málinu í Héraðsdóm Reykjaness til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Í 1. mgr. 186. gr. laga nr. 74/1974 voru ákvæði um sekt á hendur dómara. Þau er nú að finna í 1. og 2. mgr. 160. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Eftir 198. gr. þeirra laga verður nýnefndu ákvæði beitt í þessu máli og héraðsdómaranum gert að greiða sekt í ríkissjóð vegna meðferðar sinnar á málinu, sem fyrr er lýst. Sektin þykir hæfilega ákveðin 50.000 krónur.

Rétt er, að kostnaður af meðferð málsins til þessa verði nú ákveðinn eins og nánar greinir í dómsorði, og ber að greiða hann úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð :

Meðferð máls þessa frá og með 15. október 1987 og hinn áfrýjaði dómur eru felld úr gildi og málinu vísað í Héraðsdóm Reykjaness til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Greiða skal sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Haralds Blöndals hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Finnbogi Hólmsteinn Alexandersson héraðsdómari greiði 50.000 króna sekt í ríkissjóð.